



FLUGSTOÐIR

ISAVIA

Flugslysaæfingin Vestmannaeyjar 2008



Lokaskýrsla





Efnisyfirlit

Efni	Bls.
Efnisyfirlit	5
Inngangsorð	7
Orðskýringar	8
Handrit æfingarinnar	9
Almennt um framgang æfingarinnar	10
Pátttakendur	12
Leikarar og förðun → Vigdís Agnarsdóttir	13
Vettvangur → Þorlákur Snær Helgason	14
Aðgerðarstjórn VM → Karl Gauti Hjaltason	15
Björgunarstjóri – Slökkvilið Vestmannaeyja → Stefán Örn Jónsson	17
Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum → Steinunn Jónatansdóttir	18
Gæslustjóri → Jón Bragi Arnarsson og Tryggvi Ólafsson	20
Flugvöllur → Ingibergur Einarsson	22
Áfallahjálpsálgæsla → Sólveig Þórðardóttir og Ágústa Gunnarsdóttir	24
Fjöldahjálp → Sigmar Georgsson	25
Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð → Víðir Reynisson	27
Vettvangsstjórn → Rögnvaldur Ólafsson	28
Slökkviþáttur → Árni Ómar Árnason og Þórir Steinarsson	30
Landhelgisgæsla → Geurprúður Alfreðsdóttir og Thorben Lund	32
Sjúkrahjálp → Bára Benediktsdóttir, Jón Baldursson, Guðbjörg Pálsdóttir og Helga Rósa Másdóttir	33
Fjöldahjálp → Jóhann Thoroddsen og Jóhanna Róbertsdóttir	36
Fundargerð rýnifundar → Kristján Torfason	38
Viðhorfskönnun	42



Þessi skýrsla er gefin út af Flugstöðum ohf. en efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla.

Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:

Kristján Torfason kristjan@flugstodir.is og Bjarni Sighvatsson bjarnis@flugstodir.is



Inngangsorð.

Daganna 24.-27. apríl sl. var haldin flugslysaæfingin Eyjar 2008.

Æfingin var liður í því skipulagi Flugstoða að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á flestum áætlunarflugvöllum landsins.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu og frá Akureyri, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið.

Heildarskipulag hverrar æfingar byggist á viðbragðsaætlun sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Flugstoðir, gefur út fyrir hvern flugvöll.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar.

Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í meiri og minni fjárfestingar í hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst að mikið er lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfboðaliða, en án þeirra yrði víða harla lítið úr flugslysaæfingum, nyti þeirra ekki við.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa sem einfaldasta og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og læri af því....

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.

Orðskýringar.

Ráðgjafahópur.

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

Aðgerðarstjórn.

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við viðbragðshópa starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

Vettvangsstjórn.

Vettvangsstjórn er lítill hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

Verkþáttastjórar.

Verkþáttastjórar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála.

Björgunarstjóri stjórnar björgunarstörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki.

Aðhlyningarstjóri stjórnar greiningarstöð, sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsröðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra.

Gæslustjóri sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu.

Flutningastjóri sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði, bæði skráningu og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði í greiningu og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstjóra.

Lausnaraðilar.

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru: slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, Rauði krossinn og margir fleiri.

Samhæfingarstöð.

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða t.d. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskins bjargir og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess.. Hana manna fólki með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

Handrit flugslysaæfingarinnar.

Klukkan 13:00 tilkynnir flugturninn í Vestmannaeyjum um flugslys. Dash 8 vél sem var að koma inn til landingar á braut 31 virðist, að sögn flugumferðarstjóra, fá á sig skyndilegt niðurstreymi og rekst annar vængur flugvélarinnar í jörðina rétt við brautarendann og brotlendir flugvélin. Við brotlendinguna brotnaði vélin í nokkra hluta. Miklir eldar loga í hluta flaksins og farþegar eru fastir inni í flakinu. Um borð eru áætlaðir 37 farþegar og 3 manna áhöfn (getur fjölgað / fækkað). Áverkaskipting þolenda er: 4 látnir, 11 rauðir, 11 gulir, 11 grænir.



Flugslysaæfingin Eyjar 2008. Gangur æfingarinnar.

Þetta er í þriðja skipti sem undirritaður tekur þátt í flugslysaæfingu í Eyjum á vegum Flugmálastjórnar / Flugstoða. Í fyrsta skipti sem björgunarsveitarmaður, annað skipti sem starfsmaður vallarins með slökkviliþátt sem aðalverkefni og loks sem stjórnandi æfingar.

Ég þykist því hafa náð nokkuð góðri yfirsýn yfir þróun æfinganna og ég verð að segja það að sú þróun hefur verið jákvæð. Allnokkrir sem enn eru virkir í starfi hafa verið á öllum þessum æfingum og ekki er vafi á því að það fólk byggir á reynslunni og miðlar af þeirri reynslu bæði við undirbúning og framkvæmd æfingarinnar.

Allavega þótti mér yfirbragð manna vera rólegra og yfirvegaðra en áður. Enginn asi og hlaup, heldur farið yfirvegað í verkefnin. Dagskipunin hafði verið eins og alltaf “æfing á gönguhraða”. Oft hefur adrenalínflæði orsakað það að mönnum hefur hlaupið kapp í kynni og því keyrt á hlutina með látum. Nú voru menn á gönguhraða sem leiddi til agaðri vinnubragða. Að sjálfsögðu var æfingin ekki gallalaus en eins og ég og aðrir hafa sagt, að þá verður gallalaus æfing aldrei haldin. Þegar vinnubrögðin batna þá rýna menn í smærri atriði þegar kemur að því að gera skýrslu um það sem vel og miður fór við undirbúning og æfinguna sjálfa.

Að mínu mati var hér um framþróun að ræða.

Á síðustu æfingu fékk Rauði krossinn (RK) sárafaa þolendur á sín söfnunarsvæði. Það hefur einnig verið vandamál á öðrum stöðum. Þetta helgast af því að minnst slasaðir “grænir” eru ekki lengur flokkaðir sem óslasaðir. Þeir yfirgefa því ekki söfnunarsvæði slasaðra (SSS) fyrr en þeir hafa fengið nánari greiningu og hana fá þeir seinastir allra því meira slasaðir ganga að sjálfsögðu fyrir. Það er því ekki fyrr sem áætlaður heildartími æfingarinnar er um það bil liðinn sem fyrstu grænir gætu farið af söfnunarsvæði. Það myndi lengja æfinguna um amk. tvo klukkutíma og yrði líklega eina útistandandi verkefnið þegar að öllum öðrum þáttum æfingarinnar væri lokið.

Nú var tekið á þessu með tvennum hætti. Rauði krossinn sá um að útvega fólk sem bæði lék vini og aðstandendur slasaðra. Sumt af því kom á flugvöll og var flutt á söfnunarsvæði aðstandenda (SSA) og annað kom beint á SSA. Einnig var RK virkari í vinnu á SSS en áður. Þessi útfærsla skapaði meiri vinnu og áreyti á starfsfólk RK og skilaði því væntanlega erfiðari og betri æfingu.

Frá upphafi hafa vélageymslur flugvalla verið notaðar sem söfnunarsvæði slasaðra (SSS) á flugslysaæfingum. Þetta helgaðist af því að það var skoðun manna að þar sem aðstandendur og aðrir sem biðu í flugstöð gætu valdið truflunum og jafnvel áreyti, gerði það af ýmsum ástæðum ekki fýsilegt að nota flugstöðvarnar. En reynslan kennir. Smásaman komust menn að því að hugsunin að baki notkun á vélageymslum var röng í flestum tilfellum. Í framhaldi af því hafa flugstöðvar verið teknar í notkun sem SSS. Svo var gert í fyrsta sinn gert á þessari æfingu í Eyjum. Það er í stuttu máli sameiginleg niðurstaða að þetta hafi verið til mikilla bóta og komið til að vera. Númer eitt er að þolandinn í “flugslysinu” naut góðs af.

Eins og stundum áður fóru ekki saman farþegalistar og talning á svæði. Að þessu sinni var örli til skekkja í listanum og tekur bakskipulagið það alfarið á sig. Hinsvegar

voru nokkrar misvísandi tölur í loftinu og það var ekki gott. Mennt þurfa að muna að farþegalisti er vinnuþaggg flugfélags og framsettur á sérstakan hátt og ekki alltaf auðskiljanlegur. Það ætti því að vera föst regla að kalla til afgreiðslumann viðkomandi flugfélags til þess að fá rétta túlkun á því sem á listanum stendur.

Það virðist vera föst regla að treglega gangi að fá fólk til þess að leika sjúklinga. Kannski er öll ævintýraþörf horfin úr mönnum. Oft er því borið við að svo margt sé að gera og að hinn og þessi atburðurinn sé í gangi á viðkomandi stað. Það kann að virðist í fljótu bragði að það sé ekkert stórmál að útvega 30 leikara til dagsvinnu í fjögurþúsund manna samfélagi.

Þetta er engu að síður staðreynd og þörf á að finna nýja aðferðafræði til þess að bæta úr þessu, því án leikara verður engin æfing.

Eins og á síðustu æfingu æfðum við umferðastýringu og lokun brauta. Ákveðið var að loka flugvællinum ekki fyrir umferð áætlunarflugvéla og flugs á Bakka, til þess að æfingin með lokun og skiptingu á umferð yrði sem raunverulegust. Þetta hefur verið reynt á sumum æfingum og tekist æði misjafnlega. Þetta tókst hundrað prósent á æfingunni í Eyjum.

Fjarskipti hafa verið “Akkilesarhæll” nánast allra flugslysaæfinga. Ríkisstjórn Íslands ákvað fyrir nokkru að allt neyðarviðbragðskerfi á landinu skyldi Tetravætt. Nú varð sú ánægjulega breyting á að fjarskiptin gengu að mestu vel. Þökk sé Tetra kerfinu sem nú er verið að innleiða.

Flestir viðbragðsaðilar sem komu að æfingunni höfðu komið sér upp Tetrastöðvum sem án nokkurs vafa gerði öll samskipti öruggari og betri. Enn á eftir að Tetravæða starfsemi flugvalla og þyrllan sem þátt tók í æfingunni var sambandslaus við vettvangsstjórn þar sem hún var ekki Tetravædd. Augljóslega er það mjög bagalegt, eins stóran þátt og þátt og þyrllur Landhelgisgæslunnar eiga í allri viðbragðsstarfsemi hér á landinu. Ljóst er að stjórnvöld verða að gera þeim sem þeir hafa skyldað til að nota Tetrakerfið, kleyft að gera það.

Einhverjum þóttu menn tala full mikið í upphafi æfingar, en það hafur sjálfsagt helgast af því, hvað það hefur komið mönnum ánægjulega á óvart að fjarskiptin skildu virka jafnvel og raun varð á. Frekari innleiðing Tetra kerfisins mun væntanlega aðeins gera fjarskiptin enn öruggari og það mun koma að þeirri æfingu þar sem varla verður minnst á fjarskiptin vegna þess að svo sjálfsagt mun þykja að þau virki vel.

Landhelgisgæslan kom sterk inn í æfinguna eftir nokkuð hlé. Þeir sendu tvo ráðgjafa sem fluttu erindi og undirbyggju verkefni fyrir björgunarmenn og þyrllu. Síðan kom framkvæmdastjóri og yfirmaður framkvæmdasviðs í heimsókn að æfingardaginn. Þyrlla frá þeim kom svo með hluta af greiningarsveit frá Landspítala háskólasjúkrahúsi, samkvæmt flugslysaáætlun og tóku síðan þátt í fyrirfram skipulögðu verkefni. Notkun þyrllna og yfirburða geta þeirra við misjafnar aðstæður hafa gerð þær að föstum hluta í öllum viðbragðsáætlunum jafnt og raunverulegum slysum. Það er því ánægjuefni hve Landhelgisgæslan er með góða þátttöku.

Af hverju tala ég ekki um aðra eins og lögguna, Björgunarfélagið eða heilbrigðisfólkið eða slökkviliðið? Það er vegna þess að ég er að reyna að draga fram þá hluti sem breyting hefur orðið frá síðustu æfingu. Ofangreindir eiga að sönnu skilið hrós, en ég tók það ekki sérstaklega fram því þeir unni “eins og venjulega”, það er, vel.

Fyrir hönd Flugstoða og Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra langar mig til þess að þakka öllum sem að æfingunni komu. Jafnt ráðgjöfum sem viðbragðshópum og ónefndum sem að æfingunni komu. Hún var ykkur til sóma.

Bestu kveðjur,
Bjarni Sighvatsson-æfingarstjóri.
Starfsmaður flugverndar- og björgunardeildar Flugstoða.

Þátttakendur í flugslysaæfingunni EYJAR 2008.

Slökkvilið Vestmannaeyja	20
Aðgerðarstjórn	8
Björgunarfélag Vestmannaeyja	29
Lögreglan	12
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja	56
Rauði krossinn	26
Flugvallarstarfsmenn	15
Leikarar	33
Ráðgjafar	25
Samtals:	224

Sambærileg tala frá æfingunni 2003 var 228. Sjálfsagt er einhver skekkja í báðum tölum eins og til dæmis að einhverjir frá viðbragðsaðila séu skráðir á tveimur stöðum en þetta eru ekki margir og breytir fjöldatölunni ekki að ráði. Alla vega er ljóst að svipaður fjöldi hefur tekið þátt í báðum þessum æfingum.



Flugslysaæfingin Vestmannaeyjar 2008 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Leikarar og förðun	Vigdís Agnarsdóttir og Soffía Helga Valsdóttir aðstoðarkokkur (farðari).

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Flugstoðir ohf, Slökkvilið Akureyrar, SHS.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á vettvangi, síðan á SSS > Sjúkrahúsið og í Leikaramiðstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur fyrir æfinguna gekk ekki nógu vel að því leiti að erfitt var að fá aðstoðarfólk í Eyjum. Þetta setti mikla pressu á okkur vegna þess að það tekur tíma að hrista 40 sjúklinga fram úr erminni. Með dyggri aðstoð unga fólksins sem lék sjúklinga tókst okkur að ljúka við förðun á tilsettum tíma þar sem þau brugðu sér í gervi atvinnufarðara.

Það leit ekki vel út með leikara daginn fyrir æfingu en úr því rættist og leikarar eiga hrós skilið fyrir góða frammistöðu. Spurning hvað hægt er að gera þar sem þetta virðist vera viðvarnada vandamál á hverri æfingu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Leikarkynning var haldin í Eyjum kvöldið fyrir æfingu. Þar mættu 20 leikarar sem flestir eru mjög ungir. Þau stóðu sig mjög vel þrátt fyrir ungan aldur Takk fyrir flottan leik og frábæra takta.

Skráning og utanumhald á leikurum á æfingunni gekk mjög vel. Staðsetning og fyrirkomulag við að dreifa sjúklingum á vettvang gekk mjög vel þar sem samvinna við SA sem sáu um uppsetningu vettvangs skilaði sér vel.

Takk fyrir okkur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Flugslysaæfing í Vestmanneyjum 2008 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Vettvangur	Þorlákur Snær Helgason Slökkvilið Akureyrar

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugvallarverðir, Bæjarslökkvilið, Lögreglan, björgunarsveitir og vaktlæknir

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysavettvangi

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: <i>Flugvallarverðir náðu að hefta útbreiðsluna með monitornum og þegar þeir fóru að setja á sig reykköfunartækin, tók það nokkra mínútur, því tækin eru ekki alveg klár í slökkvibílnum og því náði eldurinn að aukast aftur. Svo var smá vandamál með slöngurnar. Þegar bæjarslökkviliðið fór að klippa út úr flakinu, gleymdu þeir að tryggja öryggi í klippuvinnuni, svo mundu þeir eftir því. Það var farið að huga svolítið seint að mannum sem var á syllunni í bjarginu.</i>

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Það er hægt að setja reykköfunarstól í slökkvibílinn eða sérstaka geymslu fyrir reykköfunartæki í skápinn. Svo með slöngurnar, er hægt að setja sjálfvirkar opnara fyrir úthlaupið.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u>.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis: Flugvallarverðir fóru strax í að hindra útbreiðslu og vernda það sem fólk var í flakinu, sem gekk mjög vel. Bæjarslökkviliðið kom síðan og tók við vettvangnum og gekk það allt mjög vel. Samvinna liðanna var til fyrirmyndar, og kom bersýnilega í ljós sá stuðningur sem þessar tvær einingar eru fyrir hvor aðra.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Undirritaður er mjög ánægður með alla sem komu að störfum inn á vettvangnum.

Flugslýsaæfingin Vestmannaeyjar 2008 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
AÐGERÐARSTJÓRN Vestmannaeyjum	Karl Gauti Hjaltason lögreglustjóri

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í stjórnstöð Aðgerðarstjórnar / Almannavarnarnefndar að Faxastíg í Vestmannaeyjum.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Tiltölulega rólegt var í Aðgerðarstjórn miðað við fyrri æfingar, hverju sem það er að þakka eða kenna. T.d. var fjölmiðlahluti æfingarinnar mun minni en oft áður og fáar óskir komu um bjargir. Nokkur helstu atriði til umhugsunar:

1. **Ferill eða flæði sjúklinga var ekki alltaf á hreinu**, e.t.v. ætti að vera sérstakur maður í Aðgerðarstjórn í því næstað sinna þessum þætti. Þannig vantaði svolítið uppá að AS hefði vitneskju um hver staðan á sjúklingum væri á hverjum tíma á vettvangi og á flutningsleiðum og á áfangastöðum.
2. **TETRA fjarskipti gengu yfirhöfuð mjög vel.** Þó mætti æfa notkun TETRA betur í sumum einingum, en það lagaðist töluvert á meðan á æfingunni stóð. Sumir voru óvanir að tala í talstöðvar. E.t.v. þyrfti 2 fastar starfsstöðvar í Stjórnstöð AS.
3. **Búnað Aðgerðarstjórnar** í stjórnsstöð þyrfti að yfirfara. T.d. var faxtæki bilað. Þá vantaði nettengingu í salinn og aðgang að e-mail og betri síma í stjórnsstöð.
4. **Annað smálegt.** Uppkall *Samhæfingarstöðvar* er óþjálmt og langt, hvort unnt sé að finna betra orð? Talning út úr **farþegalista** flugvélarinnar gekk ekki sem skyldi. Þá gekk boðun AS ekki sem skyldi. Beiðnisblöð í AS má laga og huga betur að mönnun í AS. Þá má huga betur að skráningu afgreiðslu í AS (tvær tölvur) og hvort logg fer bæði inn og út.
5. **Talning út úr farþegalista gekk ekki upp í AS.**

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

TETRA fjarskipti gengu mjög vel og sönnuðu gildi sitt þegar flestir aðilar nota þau.

Æfingin gekk afar vel fyrir sig, menn voru rólegir og yfirvegaðir a.m.k. það sem ég sá í Aðgerðarstjórn.

Samskipti gengu vel.

Starfsfólk í aðgerðarstjórn sinnti beiðnum ágætlega og yfirleitt fljótt og vel.

Þó má segja að lítið hafi reynt á AS yfirhöfuð, nema fyrir fjarskiptamann og logg skráningu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:



Flugslysaæfingin Vestmannaeyjar 2008 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Björgunarstjóri Slökkvilið Vestmannaeyja.	Stefán Örn Jónsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Flugvallastarfsmenn, Slökkvilið Vestmannaeyja, Björgunarfélagið, Heilbrigðisstofnun, Lögreglan, Landhelgisgæslan.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?
Sem björgunarstjóri var ég í jaðri slystaðarinnis til að hafa góða yfirsýn yfir svæðið einnig var ég með aðstoðarmann sem flutti í mig upplýsingar.

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það fyrsta sem mér kemur í hug hvað gestir og eftirlitisaðilar voru illa merktir og vont að átta sig hverjir væru þar á ferð. Illa gekk að fá upplýsingar um fjölda í vélinni sem fórst. Það vantaði mikið að björgunarbúnaði eins og hálskrögum og bakbrettum og það sem fór af svæðinu kom ekki aftur. Síðan er það spurning með talstöðvar málin. Það var fundið að því að björgunarstjóri hefði einokað talstöð í upphafi. Björgunarstjóri er fyrstur á vetvang ásamt slökkviliði, þannig að björgunarstjóri hlýtur að hafa ákveðin forgang í upphafi af talstöð þ.e.a.s á meðan hann metur aðstæður áður en hann opnar slystað fyrir öðrum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

--

5. Nefnið nokkur <u>atriði sem fóru vel</u>.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Varðandi undirbúninginn erum við mjög ánægðir með góðir fyrirlestra og góðir fyrirlesarar. Nú erum við í Slökkviliðinu flestir að taka þátt í þriðju flugslysaæfingunni 1998,2003 og svo þessari og þetta skilar sér allt og finnst okkur öll samæfing miklu betri. Einnig hittumst við allir saman og ræddum okkar fyrkomulag við svona æfingu þannig að allir hefðu áhveðið hlutverk og engin væri aðgerðalaus. Það fyrsta var að slökkva aðal elda og síða var ákveðin hópur með klippurnar og næsti hópur fór inn í flakið að huga að slösuðum og koma þeim út síða greinin og flutningur á öruggt svæði.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

--

Flugslýsaæfingin Vestmannaeyjar 2008 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum (HSV)	Steinunn Jónatansdóttir

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Bráðaflokkun, áverkamat, söfnunarsvæði slasaðra, HSV, fulltrúi í aðgerðarstjórn (sjá skýrslu aðgerðarstjórna), áfallahjálpar (sjá skýrslu áfallahjálpar)

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Vettvangur:

- Vakthafandi læknir telur betra að vera í sama talhóp á TETRA og lögregla vegna talningar heldur en við heilbrigðisgeirann.
- Gæta þarf sérstaklega að leikurum í æfingunni að þeir slasist ekki við björgunarstörf.
- Styttri og markvissari samskipti í fjarskiptum
- Þörf fyrir betri merkingu á björgunaraðilum á vettvangi til aðgreiningar
- Vaktlæknir átti erfitt með að halda sambandi við Aðhlyningastjóra.
- Vaktlæknir þarf að vera með merkt hlífðarföt og hjálm í læknabíl.

SSS:

- Vantaði fleira fólk í flutning til aðstoðar innan SSS, m.a. til að losa greiningarborð.
- Töskur björgunarsveitar ekki yfirfarnar (sumar tómar!) ekki merktir vasar fyrir hjúkrunarvörur.
- Vinna þarf betur að áætlun um greiningarsvæði: verkaskiptingu, skipulag á búnaði, lyfjum og vökvum, merkingum, skráningu ofl.

HSV:

- Neyðarsíminn á sjúkradeild hringdi aldrei, boðun 112 aðeins í gegnum sms (þarf að skoða strax).
- Talstöðvarsamband komst ekki á fyrr en klukkutíma eftir að æfing hófst. Voru á sömu rás og AS og VS.
- Vissu ekki hvenær von var á fyrsta sjúklingi eða þegar síðasti sjúklingur kom frá SSS (hefði mátt leysa með talstöðvarsambandi).
- Vildu vera í talstöðvarsambandi við Aðhlyningastjóra (ekki bara símasambandi) svo hægt sé að vera einnig með hlustun. Best að vera með sameiginlegan hóp AST, AS, HSV og SST.

Annað:

- Starfsfólk þarf að kunna betur á METTAG spjöldin
- Huga betur að heppilegum búnaði eins og t.d. únlíðsblóðþrýstingsmæli
- Fengu rangar upplýsingar um fjölda einstaklinga í flugvél

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Vettvangur:

- gott samstaf við lögreglu og björgunarsveit á vettvangi
- frumgreining og fyrstahjálp gekk vel

SSS:

- Gott að hafa mikið af heilbrigðisstarfsfólki á SSS að sinna sjúklingum, vinna í teyrum.
- Greiningin gekk fljótt og vel fyrir sig við komu á SSS
- Aðstaða góð á SSS en vandræði með hurð
- Flæði innanhúss gekk mjög vel
- Mjög gott að hafa fleiri greiningarsveitir og full þörf á mannskap
- Mjög góð samvinna starfsfólks og markviss umönnun. Veitt gott eftirlit

HSV:

- Kostur að geta hlustað á samskipti VS og AS til að fylgjast með flæði.
- Undirbúningur HSV fyrir móttöku sjúklinga gekk framúrskarandi vel. Húsið gert klárt, á öllum hæðum, á rúmum hálf tíma eftir fyrsta útkall.
- Mjög gott skipulag á dreifingu starfsfólks milli starfstöðva (SSS, heilsugæsla, sjúkradeild), alltaf nægur mannskapur á hverjum stað.
- Fumlaus og fagleg vinnubrögð, lang flestir þekktu sitt hlutverk.
- Frekari greining og meðferð til fyrirmyndar á heilsugæslu, markmiðum náð um að enginn sjúklingur legðist inn á sjúkradeild án fyrirmæla um áframhaldandi meðferð.
- Sjúkradeild vel skipulögð og undirbúin. Frábær hjúkrun og eftirlit.
- Skráning og símavarsla mjög góð

Annað:

- Samskipti milli starfsmanna á öllum starfstöðvum góð og skilvirk
- Samvinna milli starfsmanna til fyrirmyndar

Flugslýsaæfingin Vestmannaeyjar 2008 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Gæslustjóri	Jón Bragi Arnarsson Tryggvi Ólafsson

Ég er hér í forföllum Jóns Braga Arnarssonar, varðstjóra, en hann gat ekki verið á fundinum þar sem hann var á vakt í nótt og mun verða á vakt aftur næstu nótt þannig að hann er að taka út sinn lögboðna hvíldartíma.

Ég vona að ég komi því helsta frá mér er snéri að hans störfum en ég vann töluvert náið með honum enda hafði ég með rannsóknarþáttinn að gera og því var nauðsynlegt að ég yrði í góðu sambandi við hann sem gæslustjóra. Eftir því sem Jón Bragi sagði þá taldi hann að æfingin hafi gengið mjög vel fyrir sig og að þessi æfing hafi verið sú best heppnaða af þessum þremur sem haldnar hafa verið á sl. 10 árum og er ég honum sammála í því.

Ef ég fer aðeins yfir nokkra þætti sem snéri að gæslustjóra þá voru það helst fjórir þættir þ.e.

Lokun vettvangs – talning slasaðra og látinna – flutningur á slösuðum og látnum - fjarskipti við aðra stjóra.

Lokun:

Ef ég byrja á lokuninni þá byrjuðum við á því að loka flugbrautinni vestan við slysstaðinn og nýttum okkur fyrstu ljósin sem eru á austurendanum til að binda lokunarborðana. Reyndar fórum við ekki út í það að þekja svæðið með borðum, enda kunnum við að loka af svæði, heldur létum duga að láta vita af því hvaða svæði við myndum loka ef um raunverulegan atburð væri að ræða. Reyndar held ég að ef um raunverulegt slys væri að ræða hefðum við meiri tíma en á svona æfingu til að loka þar sem trygging vettvangs tæki eflaust lengri tíma í raunveruleikanum. Gæslustjóra tókst í byrjun að fá fimm björgunarsveitarmenn til aðstoðar sem fljótlega voru reyndar nýttir í annað m.a. flutning á slösuðum. Þá fékk gæslustjóri einn starfsmann hjá Flugstöðum til að sjá um hliðvörslu á ytri lokun. Það var engin utanaðkomandi áreiti á meðan á æfingunni stóð, hvorki frá almenningi né fjölmiðlum, þannig að það reyndi ekki á þann þátt. Eins fljótt og hægt var fóru fyrstu menn í það að sinna slösuðum og voru því fljótlega of fáir í að vernda innri vettvang. Það var því eins gott að ekki var um neina utanaðkomandi áreiti að ræða því þá hefðum við lent í vandræðum.

Talning:

Töluverður ruglingur varð strax varðandi fjölda fólks í flugvélinni og truflaði það æfinguna nokkuð þar sem nokkurn tíma tók að leita aftur á svæðinu að fólki sem átti að hafa verið í vélinni. Það var ekki fyrr en eftir að æfingunni lauk að skýring fékkst á þessum ruglingi. Ég tel að það verði strax að vera ljóst hvað margir eru í flugvél sem hlekkist á eða ferst. Það er alveg óþarfi að tilkynna það til vettvangsstjórnar eða annarra á vettvangi hvað margir farþegar eru og síðan hvað margir eru í áhöfn. Það skiptir engu máli á vettvangi hvernig þessi skipting er heldur skiptir hausatalan máli ekki skiptingin á farþegum og áhöfn því það veldur bara ruglingi. Þessa tölu á að vera hægt að fá með einu símtali til flugrekstraraðila.

Flutningur slasaðra og látna:

Flutningur slasaðra hófst mjög snemma og gekk mjög vel. Þá gekk greining mjög vel fyrir sig og flýtti það fyrir flutningi slasaðra inn á söfnunarsvæði slasaðra. Reyndar er rétt að benda á að það á ekki að vera þörf á því að gæslustjóri óski eftir bifreiðum til flutnings heldur á þetta að gerast strax hjá aðgerðarstjórn því það hlítur að verða ljóst strax og þegar almannavarnarástand er skolið á að það þurfi að flytja slasaða. Flutningur slasaðra gekk betur núna en á fyrri æfingum og ljóst að þessar æfingar eru að skila sér. Varðandi flutning á

látnum þá var víst farið með þá í gegnum söfnunarsvæði slasaðra, það á ekki að gera, heldur á að fara með þá beint inn á söfnunarsvæði látinna, en það svæði er alfarið á ábyrgð lögreglu og kennslanefndar þegar hún er mætt á svæðið.

Fjarskipti:

Fjarskiptin voru í lagi mest allan tíman og er þetta besta æfingin hingað til varðandi fjarskiptamálin. Reyndar gekk gæslustjóra erfiðlega í byrjun að ná sambandi við vettvangsstjórn vegna mikils áreitis hjá þeim en eftir að það róaðist gengu fjarskiptin mjög vel. Reynar er rétt að benda þeim á sem þurfa að nota fjarskiptin að vera stuttur og hnitmiðuð. Langar setningar tefja bara fyrir og valda ruglingi. Á fyrri æfingum hafa fjarskiptamálin alltaf verið gagnrýnd en gæslustjóri telur þess ekki þörf að þessu sinni.

Lokaorð:

Að lokum er rétt að minnst á nokkra þætti er varðar framkvæmd æfingarinnar og er þá fyrst að nefna að þegar lögreglan kom á vettvang var þar þegar fjöldi fólks og því var mjög erfitt að fá yfirsýn yfir vettvanginn. Gestir voru komnir á undan lögreglu, sem ætti alls ekki að vera, því það er nauðsynlegt að fá einhverja yfirsýn varðandi hvar fólk liggur slasað. Ég veit að það er búið að benda á þetta en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Þá er rétt að benda á það að gestir þurfa að vera í öðru en gulum vestum því lögreglan er t.d. í gulum vestum og fl. björgunaraðilar og því auðvelt að ruglast á gestum og björgunaraðilum. Gæslustjóri vildi að ég kæmi því á framfæri að honum hafi fundist það unga fólk sem þarna var á vegum Björgunarfélags Vestmannaeyja standa sig sérstaklega vel. Það gekk mjög fagmannlega frá slösuðum til flutnings og voru mjög róleg og yfirveguð í öllu sem þau gerðu. Ég vill að endingu þakka öllum sem komu að þessari æfingu og tel hana hafa tekist mjög vel og ekki mikið um hnökra. Hins vegar má alltaf gera betur.



Flugslýsaæfingin Vestmannaeyjar 2008 - Skýrsla lausnaraðila.

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar:
Flugvöllur Vestmannaeyjum	Ingibergur Einarsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Vestmannaeyjaflugvöllur (flugstöð turn rampur slökkvilið)

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Við akstursýringu á flughlaði og flugbraut

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það eru nokkur atriði sem að við teljum að hefðu mátt fara betur

1. Samband milli slökkviliða mætti vera betra er ekkert, samband við turn þarf að vera betra akstursstýring og turn ,turn slökkvilið ,slökkvilið og akstursstýrin
2. Merkingar íflugstöð þarf að laga .Merkingar fyrir bjargir og bíla þarf að finna fastan stað .

3 . Árásarslänga í slökkvibíl þarf að vera með sleppibúnaði (til að flýta fyrir)

4.Það þarf að setja stól í slökkvibil fyrir reykköfuunartæki. (til að flýta fyrir)

5 Vanta tetrastöðvar fyrir flugvöllinn aukið öryggi.

6 Það þarf að ath með boðunina því að annar fulgumferðarstjórinn fékk ekki útkall frá 112.

7 Það mætti ath með að þeir bílar sem að eru að flytja slasaða ættu að ver merktir (segulmerkingar til aðgreiningar)

8 Ath þarf merkingar á gestum og staðsetningu

9 Það þarf að bæta opnunina á hurðum sem að snúa að flughlaði

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

--

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur var mjög góður vel skipulagt og í alla staði til fyrirmyndar.

All flestir voru meðvitaðir um sitt hlutverk og voru rólegir og yfirvegaðir í öllum sínum gerðum.

Æfingin hún rann vel í gegn og það var samdóma álit manna að það að hafa greiningastöina í flugstöð væri til bóta . Mun minna áreiti var á því fólki sem þar vinnur .

Hvað slökkvipáttinn varðar þá gekk hann bara vel að undanskildum nokkrum smá atvikum sem að er lítið mal að laga .Samstarf við bæjaslökkvilið var gott.Hvað akstur varðar þá var mjög auðvelt að stjórna því vegna staðsetningar æfingarinnar.

Mjög gott að hafa flugvöllin opin var mun raunverulegra.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Þessi æfing var mjög vel uppsett og öllum sema að henni komu sil mikils sóma og fyrir hönd okkar flugvallarstarfsmanna vil ég sega TAKK FYRIR OKKUR

Ingibergur Einarsson



Flugslysæfing Vestmannaeyjar 2008 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Áfallahjálp/sálgæsla	Sólveig Þórðardóttir, Ágústa Gunnarsdóttir

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Áfallahjálparteymi Suðurnesja, Rauði krossinn Suðurnesjadelph, Kirkjan

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

- Skýra þarf betur samskipti samráðshóps áfallahjálpar, hópslysastjórnar og fulltrúa heilbrigðisþjónustunnar í aðgerðarstjórn. Samkvæmt skipuriti er áfallahjálpin ekki í tengslum við hópslysastjórn sjúkrahússins.
- Sími hópstjóra áfallahjálpar datt út í upphafi – ath. þarf hvort það sé ekki öryggisatriði að (ekki hægt að tengja við) samráðshópurinn hafi Tetra stöðvar eins og aðrar verkeiningar.
- Setja þarf þátt áfallahjálpar inn í hópslysáætlun HSS miðað við lærdóm æfingarinnar. Boðun var t.d. ekki æfð og þarf að skýrt hverja á að boða og hver boðar.
- Skerpa þarf betur á boðskiptaleiðum innan samráðshóps áfallahjálpar
- Samkvæmt áætlun var ekki hægt að biðja um áfallahjálp í söfnunarsvæði lítið slasaðra, en starfsfólki á þessum starfsstöðum fannst þörf á áfallahjálp

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Gekk vel í heildina. Góð aðstaða á HSS og í Njarðvíkurskóla. Allir leikarar fengu viðrun til að koma sér úr hlutverkinu. Lærdómsríkt fyrir áfallahópinn. Samvinna og samskipti við fulltrúa heilbrigðisþjónustunnar í aðgerðarstjórn góð. Góð ráðgjöf til verkefnisins fyrir og á æfingu.

Vestmannaeyjar 2008 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Skýrsluritari:
Fjöldahjálp	Sigmar Georgsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Vestmannaeyjadeild Rauða krossins, áfallateymi Vestmannaeyjum

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
SSA Arnardrangi, SSS á Vestmannaeyjaflugvelli

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<ul style="list-style-type: none">• Halda hefði þurft stutta skrifborðsæfingu á undirbúningstímanum• Ekki var búið að uppfæra neyðarvarnaáætlun deildarinnar nægjanlega fyrir æfinguna• Hefði þurft að boða "aðstandendur" fyrr til undirbúnings.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis – æfing:

<ul style="list-style-type: none">• Stjórnandi í fjöldahjálparstöð hefði þurft að vera merktur sem slíkur• Þátttaka sjálfboðaliða hefði mátt vera meiri því um tíma var SSA undirmannað.• Ósk barst um að Rauða kross fólk flytti græna á sjúkrahús – hvað olli því að óskar var eftir því ?• Faxtæki virkuðu ekki. Nöfnin voru því hringd inn í SST og þar var hakað við eftir farþegalista• Ingi Tómas Björnsson í aðgerðarstjórn og Thelma Gunnarsdóttir í áfallateymi, fengu ekki boðun frá Neyðarlínu 112• Það Rauða kross fólk sem boðað var upp á flugvöll hefði þurft að hafa ákveðinn tengilið til að snúa sér að í flugstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Góð fræðsla og fundir á undirbúningstímanum
- Þrátt fyrir að um æfingu var að ræða, tóku bæði sjálfboðaliðar og leikarar hlutverk sitt mjög alvarlega og stóðu sig vel

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Samband við aðgerðarstjórn gekk mjög vel, og samskipti tókust vel
- Vel gekk að afgreiða allar beiðnir sem komu frá SSA
- Upphaf æfingarinnar og opnun fjöldahjálpastöðvar gekk með ágætum
- Stjórnandi fjöldahjálparstöðvar stóð sig óaðfinnanlega
- Fólk fór strax vel inn í sín hlutverk í æfingunni
- Tengsl við áfallahjálparteymi gekk mjög vel.

Almennt:

Mikilvægt væri að hafa hjúkrunarfræðinga meðal sjálfboðaliða Rauða krossins, sem starfa á SSA. Lausnaraðila fannst æfingin í alla staði takast mjög vel.



Flugslýsaæfing í Vestmannaeyjum 26.4.2008

Fundur – yfirferð í lok æfingar

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
SST	Áhöfn SST

2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?
Samhæfing á landsvísu

3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

- Mat FMR að fjarskipti voru lítið notuð og þau voru notuð á agaðan hátt á vettvangi.
- Framkvæmdir: upplýsingar bárust gegnum Tetra þ.a.l. þurfti lítið að hringja í AS.
- Hnókrar voru í talningu á vettvangi en þeir voru innan eðlilegra marka
- 112: tvö atriði í skráðum upplýsingum um loftbrú voru ekki rétt – þarf að laga. Flugfélög tóku góðan þátt í að leika á móti SST við að útvega og undirbúa flugvélar.
- Sveinbjörn: þarf að tilkynna um stöðufundi með nokkurra mínútna fyrirvara
- LL/Sjúkraflutningar:
 - Ýmsar spurningar varðandi undirbúning fyrir flutninga – setja ætti upp flutningahóp.
 - Spurning um skörun verkefna við framkvæmdir.
 - Koma skjali sem sýnir stöðu sjúkraflutninga miðlægt þannig að allir hafi aðgang að því (AS – SST – sjúkrahús).
 - Skilgreina hvenær á að boða aukamannskap til að senda með sjúkraflugi á vettvang.
- Þarf að athuga póstkerfi á einhverjum tölvum í SST.
- Þarf að lagfæra síma hjá Framkvæmdum – gaffall sem lyftir tóli í ólagi.
- Laserprentari – HP 1300: Þarf nýjan toner og hugsanlega viðhald.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
--

- Upplýsingaflæði var gott
- Samskipti í SST gengu vel
- SST hlustaði fjarskipti á vettvangi meðan æfing stóð, því þurfti lítið að hafa samband við Eyjar til að kalla eftir upplýsingum frá AS
- Sveinbjörn: gott þegar stöðufundur var tilkynntur með 15 mínútna fyrirvara.
- Vegag.: lítið að gera.
- LHG: engar aukabeðnir bárust.
- Sjúkraflutningar: Skjal sem sett var upp til að halda utanum sjúkraflutninga var gott – veitti yfirsýn yfir stöðu þeirra
- 112: allir sjúkraflutningar frá flugvelli í Reykjavík á sjúkrahús skráðir, varðstofa lék á móti boðunum.
- Stjórnandi: Gott að geta hlustað á fjarskipti á vettvangi, veitti yfirsýn yfir atburðinn allan tímann. Æfing tókst vel.

Flugslysaæfing Vestmannaeyjar 2008- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
AS-VS og fjarskipti	Rögnvaldur Ólafsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Allar

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Slysstað, VS, SSS, AS

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur</u> og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Óskir um fræðslu hefðu gjarnan mátt koma fyrir gagnvart AS og VS ásamt fræðslu fyrir verkþáttastjóra.

Til bóta að koma með upprifjunarnámskeið fyrir stjórnendur nokkru fyrir æfingu.

Ýmis tæknilega vandamál komu upp hjá AS í upphafi. Hefði þurft að fara betur yfir fyrir æfingu og koma upp verklagi sem tryggir að tæknihlíð AS sé ávalt í lagi (reglulegar prófanir, æfingar o.þ.h.)

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Stundum „of mikil“ fjarskipti þ.e. óþarfa tal í gangi í sumum talhópum og oft á tíðum verið að tala um sama hlutinn ítrekað.

VIP hópur ekki nógu skipulagður á vettvangi og var því að valda truflun hjá þátttakendum í æfingunni varðandi stöðuna á slysstað. Þarf að merkja betur eða með öðrum hætti, gul vesti sama og viðbragðsaðilar eru að nota. Líklega þarf að fá nýja lit á vestum fyrir VIP.

Smá misskilningur í gangi milli verkþáttastjóra um verkaskiptingu en auðvelt að laga með smá fræðslu.

Aðeins vantaði uppá að upplýsingar frá AS, varðandi bjargir sem var búið að ræsa út, skiluðu sér til VS.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Allir lykilaðilar í Eyjum voru búnir að koma sér upp TETRA fyrir æfinguna.

Fjaraskiptaskipulag virkaði vel.

Ljóst að til mikils er að vinna ef hægt er að ná öllum viðbragðsaðilum saman á TETRA. Einfaldar boðleiðir til muna.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Upplýsingaflæði milli SST, AS, VS og sjúkrahús að mestu í TETRA. SST var með hlustun á alla hópa og gat því fylgst vel með án þess að þurfa kalla eftir upplýsingum frá AS.

VS var staðsett nokkuð frá slysstað í upphafi aðgerða en færði sig nær þegar á leið sem kom mun betur út. Höfðu betri yfirsýn og í göngufæri við verkpáttastjóra á vettvangi ef á þurfti að halda.

Bráðaflokkun á slyssað gekk mjög vel.

Verkaskipting viðbragðsaðila á slysstað mjög góð



Flugslýsaæfing Vestmannaeyjar 2008- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Slökkvistarf, björgunarvinna og aðhlyning sjúklinga.	Árni Ómar Árnason Þórir Steinarsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Slökkvilið Vestmannaeyja

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
Á slysa vettvangi

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Okkur fannst undirbúningurinn vera góður, á fimmtudeginum héldum við fyrirlestur fyrir slökkviliðið um aðkomu þeirra að flugslýsavettvangi. Einnig fórum við yfir nýjar Tetra talstöðvar sem að þeir voru að fá. Á föstudeginum fórum við á töfluæfingu með slökkviliðsstjóra og björgunarstjórunum tveimur. Á föstudagskvöldinu var mjög góð mæting frá slökkviliðinu í verklegar æfingar við barnaskólann þar sem að farið var yfir verkegar æfingar á bakbretti, spelkum, hálskrögum og fl. Það er greynilegt að slökkviliðið er að vinna vel í þjálfunarmálum. Eitt sem að mætti bæta eru tíðari skoðunarferðir á flugvöllin, skoða þær flugvélar sem að fara um völlinn í samstarfi við flugvallaverði Flugstoða.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Okkur hjá SHS finnst við vera á góðu róli með undirbúning þessara æfinga. Nú eru tæp fimm á síðan að æfingin var haldin hér í Vestmannaeyjum og margt komið í betri farveg en það var árið 2003. Þeir hjá slökkviliðinu eru vel mannaðir og ágætlega tækjum búnir. Þeir hafa verið að lenda í erfiðum brunum undanfarin ár sem þeir hafa verið að draga mikinn lærdóm af. Samvinna bæjar-slökkviliðs og flugvallarvarða hjá flugstoðum er með miklum ágætum.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.
--

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Við hjá SHS erum heilt yfir mjög ánægðir með undirbúning slökkviliðsins, þeir eru greinilega að taka vel á sínum málum. Þeir sýndu fumlaus vinnubrögð og gengu hratt og örugglega til verka.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Fyrst ber að nefna fjarskipta hliðina, þetta er fyrsta æfing sem að ég tek þátt í á fimm ára ferli þar sem að fjarskiptin ganga vel. Við höfum fregnir frá þeim sem að voru í samhæfingarstöð fyrir okkar hönd (SHS manna) að þeir hafi alltaf verið skrefi á undan þeim sem að voru að byðja um einhverjar bjargir (þ.e. þeir gátu farið að undirbúa það sem að stóð til að byðja um) því að þeir heyrðu öll fjarskipti sem að fóru fram í eyjum. Slökkvi og björgunarþátturinn var til fyrirmyndar þar sem að menn gengu hratt og örugglega til verka. Klippuvinnan gekk allt að því óaðfinnanlega. Vel gekk að slökkva þá elda sem að kveiktir voru. Það voru alltaf menn á stút til að vernda alla eld vettvanga og passa upp á þessi öryggis atriði sem að við ráðgjafarnir höfum verið að hamra á í gegnum tíðina. Verkaskiptingin var mjög góð hjá þeim þ.e. menn voru að vinna í mörgum litlum hópum við þau mörgu verkefna sem að byðu þeirra.



Flugslysaæfingin Vestmannaeyjar 2008- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Notkun þyrlu	Geirprúður Alfreðsdóttir Thorben Lund

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

--

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á vettvangi, söfnunarsvæði og lendingarstað þyrlu.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skýra þarf betur hver sér um að dreifa verkefnum til þyrlu, óheppilegt að það sé fleirri en einn aðili þ.e. vettvangstjórn, aðgerðarstjórn eða samhæfingastöð séu öll að dreifa verkefnum til þyrlu.

Misbrestur var á fjarskiptum við þyrlu, þar sem VHF marin talstöð vantaði hjá vettvangsstjórn.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Líklegast er best að annaðhvort vettvangstjórn eða aðgerðarstjórn sjái um að dreifa verkefnum til þyrlu og óskir komi frá öðrum þangað inn.

Sjá til þess að sá aðili sem sér um samskipti við þyrlu á vettvangi hafi til þess réttan fjarskiptabúnað sem er sæmilega langdrægur þ.e. 25 watta VHF marin talstöð með sameiginlegri rás björgunarsveita P-5.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

--

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

--

Flugslýsaæfing Vestmannaeyjar 2008- Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Sjúkrahjálpi	Bára Benediktsdóttir Guðbjörg Pálsdóttir Jón Baldursson Helga Rósa Másdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja (HSV), lögreglan í Vestmannaeyjum vegna sjúkraflutninga, Björgunarfélag Vestmannaeyja, Landhelgisgæslan v. þyrluflugs með lækni og greiningarsveit frá LSH.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

JB og HRM á slysstað, fylgdu síðan flæði sjúklinga, BB á SSS, GP á HSV.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Slysstaður:

- Gæta þarf sérstaklega að leikurum í æfingunni að þeir slasist ekki við björgunarstörf
- Styttri og markvissari orðaskipti í fjarskiptum – kemur með betri æfingu
- Koma fyrir af stað flutningi af slysstað inn á SSS

SSS:

- Starfsfólk kynni sér í tíma búnað og notkun hans, bæði eigin og samstarfsaðila s.s. björgunarsveitarinnar.

HSV:

- Starfsfólk hefði þurft lengri undirbúning og æfingu í fjarskiptum.

Annað:

- Starfsfólk þarf að kunna betur á flokkunarspjöldin

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Slysstaður:

- Stjórnandi bráðaflokkunar þarf að vera í sama talhóp á TETRA og þeir sem framkvæma bráðaflokkunina.
- Þörf fyrir betri merkingu á björgunaraðilum á vettvangi til aðgreiningar
- Vaktlæknir verður að fá viðeigandi auðkenni og öryggisbúnað til nota við störf á vettvangi, hlífðarfatnað, vesti, hjálm o.s.frv. Þennan búnað þarf hann jafnt til daglegra starfa sem stærri áfalla
- Sama á við um Tetra-talstöð fyrir vaktlækninn til fjarskipta við sjúkraflutninga, aðra vettvangsaðila og sjúkrahúsið.

SSS:

- Hefði mátt flytja sjúklinga fyrir á HSV ef hægt væri vegna flutningsgetu
- Vantaði fleira fólk í flutning til aðstoðar innan SSS, m.a. til að losa greiningarborðin
- Hafa betra skipulag á öllum búnaði á SSS, einn aðili ábyrgur og staðsetning á einum stað
- Mikið álag á aðhlyningastjóra, til úrbóta að hann sjái ekki sjálfur um verkþáttinn “forgangsröðun flutninga” heldur setji einhvern af læknunum í hann.
- Greiningarsveit þarf að hafa eigin Tetra-handstöð til afnota, í daglega starfinu mætti nýta hana fyrir bakvaktarlækni.

HSV:

- Viðbragðsstjórn þarf meiri samæfingu og jafnari útdeilingu verkefna innan viðbragðsstjórnarinnar.
- “Vinnurás aðhlyningarstjóra” í fjarskiptaplaninu þarf að vera milli hans, aðgerðastjórnar, HSV og SST.

Annað:

- Þörf fyrir að skilgreina fjölda og verkaskiptingu í greiningasveit betur
- Starfsfólk fékk aðeins SMS frá Neyðarlínu en ekki símhringingu

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Viðbragðsáætlun HSV vel úr garði gerð
- Reynslan frá fyrri æfingum skilaði sér almennt vel
- Útiæfingin á föstudagskvöld var vel sótt og skilaði undirbúningi fyrir aðalæfinguna á eftir.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Vettvangur:

- Björgunarsveitarfólkið stóð sig vel í að annast sjúklingana og flytja þá.

SSS:

- Besta starfræksla á SSS sem við höfum séð hingað til.
- Aðstaða góð á SSS, húsnæði flugstöðvarinnar er kjörin lausn fyrir SSS
- Áverkamat gekk fljótt og vel fyrir sig við komu á SSS og lagði grunn að góðum árangri starfsins inni á svæðinu.
- Gott að hafa mikið af heilbrigðisstarfsfólki á SSS að sinna sjúklingum, vinna í teyrum
- Flæði innanhúss gekk mjög vel, Mjög gott að hafa fleiri greiningarsveitir og full þörf á þeim mannskap
- Mjög góð samvinna starfsfólks og markviss umönnun. Veitt gott eftirlit

HSV:

- Kostur að geta hlustað á samskipti VS og AS til að fylgjast með flæði.
- Góð stjórnun hjúkrunar innan HSV
- Mjög gott skipulag á dreifingu starfsfólks innan sjúkradeildar og nægur mannskapur í hjúkrun



Vestmannaeyjar 2008 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Fjöldahjálp	Jóhann Thoroddsen Jóhanna Róbertsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
Vestmannaeyjadeild Rauða krossins, áfallateymi Vestmannaeyjum

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
SSA Arnardrangi, SSS á Vestmannaeyjaflugvelli

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.
Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:
<ul style="list-style-type: none"> • Halda hefði þurft stutta skrifborðsæfingu á undirbúningstímanum • Nauðsynlegt er að uppfæra neyðarvarnaáætlun deildarinnar, sérstaklega nafnalista sjálfboðaliða • Gott hefði verið að þeir sem léku aðstandendur hefðu verið boðaðir fyrir til undirbúnings • Spurning hvort einfalda mætti skráningarblöð í SSA

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis – æfing:

<ul style="list-style-type: none"> • Stjórnandi í fjöldahjálparstöð hefði þurft að vera merktur sem slíkur • Undirmönnun var um tíma á SSA bæði vegna þess að Rauða kross fólk fór í útköll út af SSA og eins mættu sjálfboðaliðar ekki vel á æfinguna • Óskað var eftir því að Rauða kross fólk flytti græna á sjúkrahús, sem olli því að tveir sjálfboðaliðar fóru út af SSA á álagstíma. Misskilningurinn var leiðréttur eftir ákv tíma • Faxtæki virkuðu ekki. Nöfnin voru því hringd inn í SST og þar var hakað við eftir farþegalista • Ingi Tómas Björnsson í aðgerðarstjórn og Thelma Gunnarsdóttir í áfallateymi, fengu ekki boðun frá Neyðarlínu 112 • Um tíma var undirmannað á SSA • Rauða kross fólk sem boðað var upp í flugstöð hefði þurft að hafa ákveðinn tengilið til að snúa sér að við komu þangað.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Góð fræðsla og fundir á undirbúningstímanum
- Þrátt fyrir að um æfingu hefði verið að ræða, tóku bæði sjálfbóðaliðar og leikarar hlutverk sitt mjög alvarlega og stóðu sig vel

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Samband við aðgerðarstjórn gekk mjög vel, og samskipti tókust vel
- Vel gekk að afgreiða allar beiðnir sem komu frá SSA
- Upphaf æfingarinnar og opnun fjöldahjálparstöðvar gekk með ágætum
- Stjórnandi fjöldahjálparstöðvar stóð sig óaðfínanlega
- Fólk fór strax vel inn í sín hlutverk í æfingunni
- Tengsl við áfallahjálparteymi gekk mjög vel.

Almennt:

Ef sjálfbóðaliðar Rauða krossins eiga að mæta á svæði lítið slasaðra SSS, væri æskilegt að þeir fengju sérstaka þjálfun. Sem SSA, hefði neðri hæð Arnardrangs ekki rúmað fleiri aðstandendur, svo vel væri. Samvinna stjórnanda SSA og sjálfbóðaliða var mjög góð.



Flugslysaæfingin Vestmannaeyjar 2008

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Rýnifundur	Kristján Torfason

Bjarni Sighvatsson Flugstoðum setti fundinn og þakkað þátttakendum fyrir góða æfingu. Hann sagði frá gangi æfingarinnar og tók fram að það væri almenn skoðun manna að hún hafi tekist mjög vel. Enginn asi var á mönnum og það hjálpaði til að þetta var önnur æfingin hjá sumum og jafnvel sú þriðja hjá öðrum.

Vigdís Agnarsdóttir sagði frá hlutverki leikara í æfingunni og sagði að þetta væri oft vanmetið hlutverk. Hún skoraði á fólk að prófa þetta hlutverk og upplifa sjálf hvornig það er. Hún sagði að flestir leikarar hafi staðið sig mjög vel en að þeim hafi verið orðið kalt. Flestir leikararnir voru ánægð með þá meðferð sem þau fengu en sumir fengu teppi mjög seint. Hún þakkaði þeim sem aðstoðuðu við söfnun leikara og förðun.

Halldór Sveinsson vettvangsstjóri þakkaði öllum sem að æfingunni komu. Hann sagði að það væri mikils virði fyrir Vestmannaeyjar að fá svona æfingu. Einnig sagði hann að undirbúningur fyrir æfinguna væri ekki síður mikilvægur. Æfingin gekk vel þó finna megi einhverja hnökra. Hnökrar varðandi talstöðvamál snérust ekki um tæki og búnað eins og venjulega heldu má segja að við höfum ofnotað búnaðinn. Óþarfi er að marg endurtaka beiðnir til vettvangsstjórnar, nægjanlegt er að koma beiðni einu sinni á framfæri og fá staðfestingu á að hún hafi verið móttakin. Eins verði menn að gæta að því áður en þeir byrja að kalla hvort annað samtal sé í gangi og leyfa því þá að klárast. Erfiðlega gekk að fá tölur, bæði varðandi fjölda um borð í vélinni og einnig hve marga var búið að flytja út af svæðinu. Æskileg væri að aðgerðarstjórn hefði frumkvæði að því að útvega ýmsar bjargir sem er augljóslega þörf á fyrir í svona stóru slysi án þess að vettvangsstjórn biðji sérstaklega um það. Sem dæmi má nefna flutningstæki, sendibílar, rútur og frá höfuðborgarsvæðinu, mannskapur, búnaður, blóð, vökvar o.fl. Þetta fyrirkomulag yrði til þess að minnka álag á fjarskiptum. Þá benti hann á það að huga þarf betur að gestum á æfingunni. Þeir voru í gulum vestum eins og margir viðbragðsaðilar nota og þetta væri mjög ruglandi fyrir þá sem eru að vinna á vettvangi. Hann þakkaði fyrir hönd vettvangsstjórnar öllum fyrir gott samstarf á æfingunni.

Tryggvi Ólafsson talaði fyrir hönd gæslustjóra og sagði að þessi æfing væri sú besta af þeim þrem sem haldnar hafa verið í Vestmannaeyjum. Hann sagði að byrjað hafi verið á innri lokun með því að setja borða milli brautarljósa vestan við vettvanginn. Akveðið hafi verið að eyða ekki tíma eða borðum í meiri lokun þar sem lögreglumenn séu vel þjálfaðir í þessum þætti og óþarfi að taka tíma frá æfingunni í það. Hann sagði að ef um raunverulegt slys væri að ræða gæfist örugglega lengri tími til að sinna lokunum þar sem það tæki örugglega lengri tíma að tryggja vettvang en í svona æfingu. Gæslustjóri fékk aðstoð frá björgunarsveit en þeir aðilar voru fljótlega nýttir til að flytja slasaða. Einnig fékk gæslustjóri aðstoð frá Flugstoðum við gæslu við bæði innri og ytri lokun. Ekkert utanaðkomandi áreiti var, hvorki frá almenningi né fjölmiðlum. Ruglingur var varðandi hve margir voru um borð í vélinni. Vettvangsstjórn þarf ekki að fá vitneskju um fjölda í áhöfn og fjölda farþega, bara eina tölu sem er fjöldi hausa um borð. Greining og flutningur slasaðra gekk vel. Látnir voru fluttir í gegnum SSS sem á alls ekki að gera. Þeir eiga að fara beint á SSL og eru þar á ábyrgð lögreglu. Fjarskipti gengu vel og mun betur en á fyrri æfingum. Mjög ruglingslegt var að sjá fjölda fólks á vettvangi í gulum vestum. Ekki var hægt að átta sig á því hverjir væru gestir og hverjir væru þátttakendur í æfingunni. Gestir verða að vera öðruvísi merktir. Björgunarsveitarnir frá BV stóðu sig

frábærlega, unnu fumlaut og fagmannlega. Að lokum þakkaði hann fyrir æfinguna og gott samstarf.

Stefán Örn Jónsson björgunarstjóri sagðist vera mjög sáttur við þessa æfingu. Samstarf bæjarlökkviliðs og flugvallarslökkviliðs er mjög gott og var fyrirfram ákveðið hvað hver ætti að gera til að ná sem bestu æfingalegu gildi út úr æfingunni. Allur undirbúningur fyrir æfinguna var góður og var gott að fá kennslu frá fagfólki eins og hjúkrunarfólki og slökkviliðsmönnum frá SA og SHS. Skipulag æfingarinnar var mjög gott og fjarskipti með TETRA kerfinu gengu vel. Gestir á æfingunni voru of nálægt vettvangi og olli það ruglingi. Ýmsan búnað vantar til að fást við slys að þessari stærð. Áriðandi er að gefa upp fjölda um borð í einni tölu ekki hve margir í áhöfn og hve margir farþegar, það veldur ruglingi. Eftir að bóúð var að tryggja vettvang fóru björgunaraðilar að sinna slösuðum og var ekki gott að hafa yfirsýn yfir hverjir voru að fara inn á vattvanginn. Æskilegt hefði verið að björgunaraðilar hefðu gefið sig fram við björgunarstjóra og tilkynnt frá hverjum viðkomandi er og hvaða verkefni hann hefur á vettvangi. Þá þakkaði hann fyrir æfinguna og óskaði þátttakendum að sunnan og norðan góðrar heimferðar.

Hjörtur Kristjánsson aðhlyningarstjóri þakkaði fyrir að fá tækifæri til að taka þátt í æfingunni. Hann sagði að merkja þurfi betur svæði grænna, gulra og rauðra inni á söfnunarsvæði slasaðra. Varðandi talningu sagði hann að betra væri að tölur sem væri verið að biðja um kæmu beint frá talningamönnum en ekki frá aðhlyningarstjóra sem hefði allt annað í forgangi en að fylgjast með fjölda sjúklinga og gefa tölur inn í kerfið. Best væri að hafa ekki of marga milliliði ef hægt væri að komast hjá því. Hurð sem var notuð til að flytja sjúklinga út af SSS var til vandræða, illa gekk að hafa hana opna og burðamenn sem fóru út komust ekki inn aftur. Á tímabili vantaði burðarmenn. Samskipti á TETRA gengu vel en sjúkrahúsið er ekki nógu vel bóúð tækjum, á bara eina stöð. Best væri að SST, sjúkrahúsið og aðhlyningarstjóri væru með sameiginlegan talhóp. Sú breyting sem gerð var á hópslysaáætlun spítalans fyrir æfinguna var mjög jákvæð, greiningarsveit er betur mönnuð núna. Fyrsta greiningarsveit kom strax á vettvang og þegar bóúð var að undirbúa spítalann kom önnur greiningarsveit og síðar sú þriðja. Tímasetningar voru mjög góðar þar sem mjög erfiðir sjúklingar voru að koma inn á SSS á svipuðum tíma og seinni greiningarsveitirnar komu inn á SSS. Þetta fyrirkomulag kom mjög vel út þar sem vegalengdirnar eru stuttar og auðvelt að flytja mannskap á þá staði þar sem álagið er mest. Flutningsstjóri var mjög vel staðsettur og gekk samstarf við hann mjög vel. Húsnæði SSS er það besta sem völ er á á flugvellinum og skipulag SSS gott, mun betra en á síðustu æfingu þegar SSS var í vélageymslunni sem hentar ekki sjúklingum m.a. vegna kulda og umhverfis. Í heildina var æfingin mjög vel heppnuð og þakkaði hann sínu aðstoðarfólki og öðrum sem tóku þátt.

Hjálmar Baldursson flutningastjóri sagði að umbeðnar upplýsingar um fjölda bíla hafi ekki skilað sér til baka. Lögregla kom á sjúkrahúsið á vettvang á skildi hann eftir og tók nokkurn tíma að finna bílstjóra á bílinn til að koma honum í gagnið. Skráning sjúklinga gekk vel en spurning hvort björgunarsveitarmenn nýtist ekki betur í björgunars törfum á vettvangi en í skráningar törfum. Spurning hvort skráning væri ekki betur sett í höndum Slysavarnadeildar Eykyndill en sú deild hafði ekkert hlutverk í æfingunni. Gestirnir voru fyrir og höfðu ekki fyrir því að færa sig þótt það væri augljóslega fyrir. Aðili frá RNF óskaði eftir upplýsingum en hann var illa merktur og ekki með nein skilríki. Flutningurinn gekk vel þegar bílum fjölgaði en það hefðu þurft á fleiri bílar til taks í upphafi.

Karl Gauti aðgerðarstjóri sagði að heilt yfir væri það sú skoðun að æfingin hafi tekist vel þó alltaf megi læra eitthvað nýtt. Varðandi hugmyndir frá vettvangsstjóra um hvort

aðgerðarstjórn ætti að hafa frumkvæði að því að biðja um bjargir utanfrá sagði hann að aðgerðarstjórn væri staðsett í lokuðu rými á Faxastíg og vissi ekki nákvæmlega hvað væri að gerast á flugvellinum. Aðgerðarstjórn verður að bíða eftir upplýsingum frá vettvangsstjórn áður en farið er að kalla eftir björgum og við teljum að við höfum kallað eftir björgum um leið og beðið var um þær og í sumum tilfellum áður. Það var nokkuð rólegt í aðgerðarstjórn miðað við fyrri æfingar og ekki bárust margar beiðnir um bjargir. Farþegalistinn var þannig að það var mjög auðvelt að misskilja hann og olli það nokkrum vandræðum. Hann sagði að gestahópurinn hafi komið í aðgerðarstjórn nokkuð seint og hafi það varið bara betra því það var þá hægt að taka betur á móti þeim og sinna þeim. Hann fagnaði því að bæjarfulltrúar hafi verið þar á meðal og sýnt æfingunni áhuga.

Steinn Jónatansdóttir hjúkrunarforstjóri sagði að stór hluti af æfingunni hafi farið fram á heilbrigðisstofnuninni. Í áföngum hafi flestir starfsmenn stofnunarinnar verið fluttir á SSS þar sem þörf fyrir á var mest. Boð frá neyðarlínunni með SMS bárust en engin hringing. Heilbrigðisstofnunin þarf sjálf að hringja úr útkallslista sinn en á honum eru 96 manns í rauðu útkalli. Í æfingunni sinntu 55 manns útkalli. Hún hrósaði starfsfólki heilbrigðisstofnunarinnar fyrir góða frammistöðu á æfingunni og tók fram að aðhlyningarstjóri hafi staðið sig mjög vel.

Margrét Blöndal sagði að í Vestmannaeyjum væri frábært áfallahjálparteymi sem væri með góðar tengingar inn í hinar ýmsu stofnanir. Hún sagði að Teymið þyrfti að eiga og fá þjálfun á talstöðvar. Einnig nefndi hún að teymið hefði viljað hafa haft meira um það að segja hvernig fræðslu og undirbúningi var háttað. Það var gott og nauðsynlegt að fá fræðslu og byggja upp samskipti og samvinnu við aðra sem sinna þolendum áfalla.

Sigmar Georgsson fjöldahjálparstjóri þakkaði fyrir samstarfið sem gekk vel og hnökralaust. Hann sagði að allt samstarf hafi gengið vel þrátt fyrir að það hafi ekki verið nægjanlega margir sjálfboðaliðar mættir hjá Rauði krossinum. Hann sagðist ekki átta sig á því hvers vegna ósk barst til Rauða krossins um að flytja græna sjúklinga á sjúkrahús. Þá sagði hann að góð fræðsla og fundir hafi verið á undirbúningstímanum. Upphaf æfingarinnar og opnun fjöldahjálparstöðvar gekk með ágætum og tengsl við áfallahjálparteymi gekk mjög vel. Samskipti við aðgerðarstjórn gengu mjög vel.

Guðmundur Friðrik Jónsson frá TETRA sagði að það hafi verið gaman að fylgjast með æfingunni. Hann sagðist hafa fylgst sérstaklega með hvernig menn notuðu TETRA stöðvarnar og sagði að menn gætu nýtt sér ýmsan aukabúnað sem hægt væri að fá með stöðvunum. Þá sagði hann að TETRA sambandið hafi verið gott á flestum stöðum.

Guðmundur Ingimarsson frá Neyðarlínunni sagði að smá hnökrar hafi verið á boðuninni. SMS boðunin fór strax en Boði fór ekki strax í loftið vegna bilunar í kerfinu. Hann sagði að nýir starfsmenn hjá Neyðarlínunni hafi unnið við málið og hafi þeir fengið góða þjálfun.

Hrafnhildur Stefánsdóttir Flugstöðum sagði að fjölmiðlaþátturinn hafi verið lærdómsríkur fyrir þá sem tóku þátt í honum. Einnig sagði hún að fjölmiðlar hafi sýnt æfingunni mikinn áhuga og hafi t.d. verið fjallað um hana í báðum fréttatímum sjónvarpsstöðvanna og á netmiðlum. Áreiti frá fjölmiðlum hefði mátt vera meira en þeir hringdu í aðgerðarstjórn og fengu þar skýr svör. Hún sagði að góðar ábendingar varðandi gesti yrðu teknar til greina. Fjölmiðlamenn munu hafa samband við alla sem hugsanlega geta veitt þeim upplýsingar s.s. Flugmálastjórn, Flugstöðir, lögreglu, flugrekandann og björgunaraðila og er brýnt að skipaður verði talsmaður aðgerðarinnar.

Ingibergur Einarsson Flugstoðum sagði að undirbúningur fyrir æfinguna hafi verið mjög góður og gátu menn valið um ýmsa fræðslu. Hann benti á að betra væri að hafa MÓT innan við girðingu. Þá sagði hann að ekki væri búið að taka TETRA í notkun á flugvellinum og það hafi komið sér illa. Slökkvilið gegg gekk vel en það vantaði búnað til að koma í veg fyrir að slöngur flæktust. Lagfæra þarf hurð í farþegaafgreiðslu þannig að hægt sé að hafa betri stjórn á henni. Hann sagðist vera mjög sáttur við æfinguna.

Rögvaldur Ólafsson frá Almannavarnadeild RLS bar kveðju frá Víði Reynissyni sem var stjórnandi í SST og sagði að hann hafi verið mjög ánægður með æfinguna. Hann hafi monitorað TETRA fjarskipti allra hópa sem voru í gangi og var ánægður með öguð og góð fjarskipti.

Þorbjörn Haraldsson frá Slökkviliði Akureyrar sagði vera stoltur af sínum mönnum og það væri gaman að sjá hve prógrammið fyrir æfinguna virkaði mjög vel. Hann hrósaði starfsmönnum í flugvallarslökkviliði fyrir snögg viðbragð og sagði að samvinna milli flugvallarslökkviliðs og bæjarslökkviliðs væri til fyrirmyndar. Til þess að halda mannskapnum í formi þyrfti þrotlausar æfingar.

Bjarni Sighvatsson benti mönnum á vegna hugmynda um að aðgerðarstjórn óskaði eftir björgum að fyrra bragði að lesa sinn kafla í flugslysaáætluninni og koma með ábendingar um breytingu ef ástæða er til. Einnig sagði hann að tekið yrði á ábendingum varðandi gesti, talningu og farþegalista.

Vigdís Rafnsdóttir sagði af gefnu tilefni að það yrði að reka mikinn áróður og varnaðarorð gegn því að fólk tæki myndir á slysstað á símana sína og dreifði þeim. Einnig benti hún á að aðgreina þurfi ungabörn á farþegalista þar sem ólíkt væri að leita að fullorðnu fólki eða ungabarni.

Íris Marelsdóttir frá Almannavarnadeild RLS benti á að læknir á vettvangi hafi ekki verið í merktum fatnaði eða með hjálm.

Halldór Sveinsson og Hjörtur Kristjánsson tjáðu sig einnig um skort á merkingum á fatnaði viðbragðsaðila og vinna þyrfti í því máli.

Bjarni Sighvatsson hvatti menn til að ljúka sem fyrst við skýrslugerð og senda sér hana. Hann sagði að það væri fyrst og fremst þátttakendum að þakka hve vel tókst til við æfinguna og sagði að ef menn væru hæfari að vinna saman núna en fyrir æfinguna hafi vel tekist til. Þá þakkaði hann fyrir hönd Flugstoða og Almannavarnadeildar RLS og sagði fundi slitið.

Vestmannaeyjar 2008. Viðhorfskönnun vegna flugslysaæfingar

Við erum að reyna að bæta flugslysaæfingarnar þannig að þeir sem þátt taka hafi meira gagn af þeim.

Takk fyrir að taka þátt í þessari nafnlausu könnun.

Með kveðju, ráðgjafahópurinn.

Hvaða starfseiningu tilheyrðir þú á æfingunni?

Heilbrigðisgeiranum	7
Löggæslunni	7
Björgunarsveit	12
Slökkviliði	14
Rauði krossinn	2
Annað	4
Samtals	46

Hvernig fannst þér æfingin miðað við þann hluta sem þú upplifðir?

Mjög góð	22
Góð	14
Sæmileg	1
Léleg	0

Fékkst þú nægilega þjálfun / undirbúning / fræðslu í þinni starfseiningu?

Mjög góða	14
Góða	23
Sæmilega	4
Lélega	0
Enga	0

Hvað fannst þér vanta varðandi undirbúning?

Meiri þjálfun	13
Meiri upplýsingar	13
Annað	

Myndir þú vilja meiri fræðslu fyrir svona æfingu?

Já	19
Nei	16

Ef já, hverskonar fræðslu?

Skyndihjálp
Tetra notkun
Fræðslu gegnum netið
Meiri fræðslu-þjálfun fyrir verkþáttarstjóra

Í hvernig formi myndi henta þér að hafa fræðslu?

Á prenti	8
Á netinu	12
Á disk	6
Erindi	14
Námskeið	28
Annað	

Hvenær finnst þér hentugast að komið sé með fræðslufundi og námskeið?

2.mánuðum fyrir æfingu	2
1.mánuði fyrir æfingu	24
Kvöldin fyrir æfingu	14
Annað	

Skoðaðir þú upplýsingar um æfinguna eða leitaðir upplýsinga um flugslysæfingar á Netinu?

Mjög oft	1
Oft	9
Sjaldan	18
Aldrei	13

Önnur atriði sem þig langar til að benda á?

Af hverju eru Eykyndilskonur ekki á svæðinu með hlutverk
Merkingum stjórnenda ábótavant
Fjúkandi keilur þarf að þyngja
Æfa notkun Tetra og merkja hvaða rásir eru notaðar í hvað
Nota ekki björgunarfólk í hluti eins og ritara/skráningarstörf heldur Rauðakross fólk eða Eykyndilskonur

